

Námsáætlun fyrir upplýsingatækni - 3. bekkur

skólaárið 2025 - 2026



Kennari: Andrea Kristín Bosma og Harpa Rún Gunnarsdóttir
Tímafjöldi: Í hringekju og samþættingu í öðrum námsgreinum

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Vinnulag og vinnubrögð	- Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms. - Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði. - Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag. - Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum. - Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.	Nemendur fá kennslu í vélritun og notast er við alls konar vélritunaræfingar og forrit. Nemendur læra að umgangast búnað með umsjón kennara. Nemendur læra að nýta sér ýmis forrit til að leysa verkefni.	Verkefni Munnleg könnun
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	- Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu. - Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.	Nemendur læra að leita sér upplýsinga á netinu. Upplýsingasöfnun er notuð til að leysa ýmis verkefni.	Verkefni
Tækni og búnaður	Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu.	Nemendur læra einfalda myndvinnslu. Nemendur nýta sér Seesaw við verkefnavinnu og verkefnaskil.	Verkefni
Sköpun og miðlun	- Lýst á einfaldan hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi. - Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.	Nemendur nýta sér forrit til að vinna verkefni. Nemendur læra grunnatriði forritunar með forritunum Tynker, Code.org og Minecraft.	Munnleg könnun Verkefni
Siðferði og öryggismál	Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.	Nemendur fræðast um ábyrga netnotkun.	Munnleg könnun

Námsgögn:

Nemendur fá efni frá kennara.

Lokanámsmat:

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.